

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

645. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. apríl 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við Þorvald Böðvarsson, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar.
2. Viðræður við Íprótta- og tómstundafulltrúa og skólastjóra grunnskóla.
3. Bréf Þjóðskrár.
4. Bréf Siglingastofnunar.
5. Umsögn Fjallskilastjórnar Víðidal á erindi Kristófers Jóhannessonar.
6. Upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Víðidalstunguheiðar.
7. Upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
8. Kaup á Sif HU-039.
9. Stofnfundur Þekkingarseturs á Hvammstanga.

Afgreiðslur:

1. Þorvaldur Böðvarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hvammstanga er mættur til fundarins. Farið var yfir atriði sem tengjast framlagningu Samgönguáætlunar 2011-2014 og nauðsyn á nýframkvæmdum og viðhaldi vegakerfisins í Húnaþingi vestra. Byggðarráð lýsir miklum áhyggjum af niðurskurði fjárveitinga til nýframkvæmda og viðhalds og álitur sérstaklega mikilvægt að viðhaldi vegakerfisins verði sinnt. Byggðarráð minnir á tillögu sveitarstjórnar til fjárlaganefndar á sl. árum um lagningu bundins slitlags á tengivegi en slík aðgerð eykur umferðaröryggi og dregur úr viðhaldskostnaði. Ekki verður unað við að ástand vega í Húnaþingi vestra versni frá því sem nú er en það mun m.a. koma niður á almennu umferðaröryggi, búsetuskilyrðum og uppbyggingu ferðapjónustu í héraði.
2. Íprótta- og tómstundafulltrúi og skólastjóri grunnskóla eru mættir til fundar með byggðarráði. Rætt um aðgerðir skóla, félagsmiðstöðvar og stýrihóps í forvarnarmálum um forvarnir en fræðslu- og kynningarfundir auk námskeiða um vímuvarnir verða í þessari viku fyrir nemendur í elstu bekkjum grunnskóla og aðstandendur þeirra.
3. Fram lagt bréf Þjóðskrár en þar er vakin athygli á að viðmiðunardagur kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga 2010 er 8. maí nk. Samkvæmt þessu munu lögheimilisflutningar milli sveitarfélaga, sem eiga sér stað eftir 8. maí 2010, ekki koma til álita við sveitarstjórnarkosningarnar þann 29. maí nk.
4. Fram lagt bréf Siglingastofnunar sem sent er hafnarstjórnnum vegna framlagningar samgönguáætlunar 2011-2014. Byggðarráð samþykkir að sótt verði um að í samgönguáætlun 2011-2014 verði gert ráð fyrir viðhaldsdýpkun Hvammstangahafnar og endurbótum á sjóvörnum við Hamarsrétt.
5. Fram lögð umsögn Fjallskilastjórnar Víðidal vegna erindis Kristófers Jóhannessonar um að koma fyrir skothúsi til vetrarveiða á ref sunnan Bergár. Fjallskilastjórnin mælir ekki með því að umbeðið leyfi verði veitt þar sem Stefán Grétarsson er með aðstöðu til veiða á ref í næsta nágrenni. Að fenginni samþykkt fjallskilastjórnarinnar samþykkir byggðarráð að ekki sé unnt að verða við beiðni Kristófers. Elín R. Líndal lýsti yfir vanhæfi sínu við afgreiðsluna.
6. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Víðidalstunguheiðar.

7. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
8. Lagður fram kaupsamningur og afsal um kaup Húnaþings vestra á bátnum Sif HU-039, skipaskrárnúmer 0711. Kaupverð er krónur 50.000- með vsk. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.
9. Fram lögð tilkynning um stofnfund Þekkingarseturs á Hvammstanga þann 27. maí nk. kl. 14:00 á Caf  S r p. Einnig lögð fram dr g að samstarfsyfirl singu sem undirritu  ver ur   fundinum.   samstarfsyfirl singunni segir m.a.   markmi  þekkingarsetursins s    efla þekkingartengda starfsemi   H naþingi vestra til hagsb ta fyrir atvinnu- og mannl f   sv  inu. Þekkingarsetri  er regnhl f yfir þekkingartengda starfsemi   H naþingi vestra og myndar  flugt samstarf vi  v sindamenn, h sk la, framhaldssk la, grunnsk la, fyrirt ki og stofnanir. Bygg arr   samþykkir   H naþing vestra eigi  ild   stofnun þekkingarsetursins og felur sveitarstjóra undirritun samstarfsyfirl singarinnar.

Samþykkt   taka   dagskr :

10. Stef n B  varsson lag i fram upplýsingar fr   alfundi Ve if lags Mi fir inga.

Fundarger  upplesin og samþykkt.

Fundi sliti  kl. 12:05

El n R. L ndal(sign.),
Halld r Sigf sson(sign.),

Sk li Þ r arson(sign.),
Stef n B  varsson(sign.).

 heyrnarfulltr i.

Oddur Sigur arson(sign.).